

## Landsyfirrjettardómar 1893.

---

Mánudaginn 16. janúarmánaðar.

Nr. 15/1892:

Sigurður Jónsson

gegn

Benedikt Kristjánssyni og

Ragnheiði Jónsdóttur.

### D ó m u r :

Með gestarjettardómi Húnavatnssýslu, gengnum 25. nóvemberm. f. á, var áfrýjandinn, Sigurður bóndi Jónsson á Lækjamóti í Þorkelshólshreppi, dæmdur til að greiða binum stefnda, præg. hon. Benedikt Kristjánssyni í Landakoti í Reykjavík, sjálfs hans vegna og fyrir hönd sameiganda hans að Víðidalstungu, prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur í Hvammi, 50 kr. í vangoldna upprekstrartolla á Víðidalstunguheiði árin 1885, 1886, 1889 og 1890. Málskostnaður skyldi falla niður.

Áfrýjandinn, sem hefur stefnt málinu til yfirdómsins með stefnu, dags. 2. maí f. á., hefur krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að nefndur dómur verði úr gildi felldur og hann algjörlega sýknaður af kærur og kröfum hinna stefndu, en þau dæmd bæði fyrir eitt og

eitt fyrir bæði til að greiða honum málskostnað fyrir undir- og yfirdómi. Hin stefndu hafa aptur á móti krafizt, að dómurinn verði staðfestur og þeim tildæmdur málskostnaður að skaðlausu hjá áfrýjandanum.

Tilkall sitt til upprekstrartolla þeirra, er áfrýjandi var með hinum áfrýjaða dómi dæmdur til að lúka, byggja hin stefndu, eigendur Víðidalstungueignarinnar, á framlögðum eptirritum af máldögum Pjeturs biskups frá 1394 og Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461, þar sem þessi klausa stendur: »Er fjárrekstur í Víðidalstungujörð um allan hreppinn (þ: Þorkelshólshrepp) út að Gljúfurá, og lúka lamb af rekstri, til þess eru sex tigur, og svo með sama upp þaðan, eptir því sem úrskurðarbrjef Rafns lögmanns og staðfestubrjef Þorsteins lögmanns þar um gjör votta«. Með þessum orðum á-líta hin stefndu, að fjáreigendur á hinu tiltekna svæði, þar á meðal áfrýjandinn, eigi ekki að eins rjett til uppreksturs í Víðidalstunguland (Víðidalstunguheiði), heldur sjeu þeir einnig skyldir til að nota hann eða gjalda hina ákveðnu fjallatolla til Víðidalstungueiganda, hvort sem þeir nota upprekstursrjettinn eður eigi.

Áfrýjandinn hefur stöðugt haldið því fram, að hann hafi ekki hin umræddu ár, 1885, 1886, 1889 og 1890, rekið fje sitt á Víðidalstunguheiði, heldur hafi hann rekið það í eigið upprekstrarland sitt, Haukagilsheiði, og þar sem þessum framburði hans hefur eigi verið beinlínis mótmælt af hinum stefnda, þá verða úrslit málsins komin undir því, hvort fyrrtjeður skilningur hinna stefndu á greindum máldagaákvæðum er rjettur, eða með öðrum orðum, hvort áfrýjandi er skyldur að greiða upprekurstolla til Víðidalstungueiganda eptir tölu geldfjár síns, þó að hann eigi reki það í Víði-

dalstungujörð, en áfrýjandi hefur neitað því, að sá skilningur geti verið rjettur.

Í málinu er ekkert fram komið um það, hvernig umrætt máldagaákvæði hefur verið skilið í þessu tilliti í reyndinni, og hæstarjettardómur sá frá 2. febr. 1861, er stefndu hafa skýrskotað til í málinu, getur ekki heldur leiðbeint neitt um skilning ákvæðisins í þá átt, er hjer ræðir um. En í sjálfu sjer verður að álíta, að ákvæði máldagans, skilið svo sem hin stefndu halda fram, væri töluvert óeðlilegt band á frelsi hlutaðeigandi fjárbænda, og þar sem eigi er rjett, að leggja frekari þýðing inn í orð máldagans í þessa óeðlilegu átt en nauðsynlegt er, og þau á hinn bóginn alls eigi verða þýðingarlaus eða marklaus, eins og þau standa í máldögunum, þó að þau verði skilin á hinn veginn, þá virðist rjett, að skilja þau svo, að þau eigi leggi þeim á herðar neina uppreksturstoll-skyldu, er eigi notar uppreksturslandið. Þar sem það nú samkvæmt áður-sögu verður að álíta viðurkennt, að áfrýjandinn hafi eigi rekið fje sitt á Víðidalstunguheiði hin umþrættu 4 ár, þá verður að sýkna hann af kröfum stefndu um uppreksturstoll þessi ár. Hinum áfrýjanda dómi ber því að breyta samkvæmt þessu. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Sigurður bóndi Jónsson, á fyrir-kæru hinna stefndu, sjera Benedikts Kristjánssonar og Ragnheiðar Jónsdóttur, í þessu máli sýkn að vera. Málskostnaður falli niður.